

falt fangelsi. Ummælin ber og að dæma dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, en í málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði í sekt til landssjóðs 60 krónur, en sæti ella eintöldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi eða móðgandi ummæli í greindum tölu-blöðum »Vestra« og »Þjóðviljans« eiga dauð og ómerk að vera. Stefndi greiði áfrýjandanum Skúla Thoroddsen í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Skúli Thoroddsen fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn ritstjóra Kristjáni H. Jónssyni fyrir meiðyrði og móðgunaryrði í 2 ritgerðum í blaðinu »Vestri«. Var það dæmt

í gestarétti Isafjarðarkaupstaðar 30. okt. f. á. þannig, að hinn stefndi, Kristján H. Jónsson, var dæmdur sýkn af kærum og kröfum Skúla Thoroddsens og málskostnaður látinn falla niður. —

Þessum dómi hefir ritstjóri Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dagsettri 28. apríl þ. á. og krafist, að hin umstefndu ummæli um hann, sem hann hefir átalíð fyrir undirrétti, verði dæmd dauð og marklaus, að stefndi verði látinn sæta hæfilegri sekt fyrir þau, og að hann verði dæmdur til þess að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum með einhverri upphæð nægilegri eftir mati yfirréttarins. — Á hinn bóginn hefir hinn stefndi, ritstjóri Kristján H. Jónsson, krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess, að greiða allan málskostnað eftir mati réttarins.

Orð þau og ummæli, sem áfrýjandi hefir átalíð, eru í tveim greinum í »Vestra«; önnur greinin er í 40. tölubl. með fyrirsögn »Bláaflutningur af Vesturlandi«, og hin í 41. tölubl. sama blaðs með fyrirsögn: »Frá alþingi«. Í fyrri greininni eru hin átöldu ummæli þessi: »og »Þjóðv.«, sem hafði lifað hér á kaupfélagsmolum og hryggjarliðum nokkur ár, þótti hér heldur ekki lengur vært,« og í síðari greininni þau ummæli um áfrýjanda: »Skúli var ekki á fundi og var sagður »lasinn« (hann kvað ekki hafa verið með hýrri há í sumar). Hann hefir máske ekki verið búinn að átta sig á, hvornig hann ætti nú að snúa sér í mál-

inu«. Stefndi er útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins »Vestri« og ber hann því ábyrgð á hinum átöldu ummælum, ef þau þykja saknæm.

Hin nefndu ummæli um blaðið »Þjóðviljinn«, sem áfrýjandi gefur út, eru ekki þess eðlis, að þau geti verið æru áfrýjanda til hnekkis, þar sem þau að eins fela í sér, að blaðið hafi átt erfitt uppdráttar eða selst illa, og að því er snertir ummælin um áfrýjanda í síðari greininni, þá felst engin ærumeiðing í þeim, né nein saknæm móðgun. — Það verður því að fallast á, að undirdómarinn hefir sýknað stefnda, og ber því að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda gestaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi Skúli Thoroddsen greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.